

Ed.

418. Frumvarp til laga

[224. mál]

um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.

(Lagt fyrir Alþingi á 96. löggjafarþingi, 1974—75.)

1. gr.

Með tónlistarskóla er í lögum þessum átt við skóla, sem fullnægir eftirgreindum skilyrðum:

- 1) Hefur a. m. k. einn fastan kennara, auk stundakennara.
- 2) Starfar minnst sjö mánuði á ári og lýkur með prófum og opinberum nemendatónleikum.
- 3) Veitir hverjum nemanda kennslu í aðalnámsgrein, eina stund í viku. Auk þess séu a. m. k. tvær aukanámsgreinar kenndar í hóptímum (tónfræði, tónheyrn, tónlistarsaga og samleikur).
- 4) Hefur a. m. k. 30 nemendur.

2. gr.

Tónlistarskólar, sem fullnægja framangreindum skilyrðum, skulu fá styrk úr ríkissjóði og frá viðkomandi sveitarfélagi, er nemi launagreiðslum til kennara skólanna. Sveitarfélagið skal sjá um launagreiðslurnar, en ríkisstyrkur, er nemur 50% launakostnaðar skal greiddur sveitarfélaginu, enda séu laun greidd samkv. gildandi kjarasamningum á hverjum tíma.

3. gr.

Rekstrarstyrkir til tónlistarskóla skulu ákveðnir í fjárlögum. Gerir menntamálaráðuneytið í sambandi við undirbúning fjárlaga tillögu um fjárveitingu til hvers skóla um sig, með hliðsjón af starfsemi og fjárhagsafkomu skólans síðasta starfsár, sbr. 4. gr.

4. gr.

Tónlistarskólar, sem styrks njóta samkvæmt þessum lögum, skulu senda viðkomandi sveitarfélagi fyrir 1. maí árlega endurskoðaðan rekstrar- og efnahagsreikning sinn fyrir síðastliðið almanaksár, ásamt skýrslu um starfsemi skólans, svo og fjárhags- og starfsáætlun næsta árs. Viðkomandi sveitarfélag skal svo senda menntamálaráðuneytinu fjárhags- og starfsáætlunina, samþykkt af sveitarfélaginu, fyrir 1. júní sama ár. Getur ráðuneytið ákveðið í hvaða formi skýrslur þessar skuli vera.

5. gr.

Nú berst umsókn um styrk til tónlistarskóla, sem er að hefja starfsemi, og skal þá styrkur ekki veittur fyrr en viðkomandi sveitarfélag hefur kannað allar aðstæður til að starfrækja styrkhæfan skóla á viðkomandi stað. Ef skilyrði til skólahalds reynast fyrir hendi, þá skal styrkur í fyrsta sinn ákveðinn með hliðsjón af rekstraráætlun, sbr. 4. gr.

6. gr.

Styrkur skal veittur tónlistarskólum til hljóðfærakaupa, eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum. Menntamálaráðuneytið skiptir styrknum með hliðsjón af þörf skólanna. Styrkur má þó aldrei vera hærri en nemi $\frac{1}{3}$ af andvirði hljóðfærisins.

7. gr.

Heimilt er að veita styrki til tónlistarkennslu á stöðum, sem ekki fullnægja framangreindum skilyrðum um tónlistarskóla. Skulu styrkumsóknir sendar mennta-

málaráðuneytinu eigi síðar en 1. júní ár hvert, ásamt nákvæmri skýrslu um kennsluna síðastliðið ár og kostnað við hana. Ef ástæða telst til styrkveitingar, gerir menntamálaráðuneytið tillögu um fjárlagastyrk til tónlistarkennslunnar með hliðsjón af því, hversu fullkomna og fjölbætta kennslu um er að ræða.

8. gr.

Menntamálaráðuneytið getur kvatt sér til ráðuneytis um framkvæmd laga þessara sérfróða menn í tónlistarmálum.

9. gr.

Menntamálaráðuneytið getur í reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara. Má þar gera að skilyrði fyrir styrkgreiðslu, að námskrá hlutaðeigandi skóla hafi hlotið staðfestingu menntamálaráðuneytisins.

10. gr.

Ef tónlistarskóli, sem styrks hefur notið, hættir störfum, skal sveitarfélagið varðveita eignir skólans (hljóðfæri o. fl.) þar til skóli tekur til starfa að nýju.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 12/1963, um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla og önnur ákvæði sem kunna að brjóta í bága við þessi lög.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af nefnd, sem menntamálaráðuneytið skipaði 27. apríl 1973, en rétt er að geta þess, að í sambandi við grunnskólalög og endurskoðun og gerð námsefnis, er stefnt að auknu og breyttu tónlistarnámi á grunnskólastigi. Ráðuneytið telur æskilegt að menn fái undirstöðufræðslu í tónlist á jafnsjálfsagðan hátt og í lestri og skrift. Telur ráðuneytið eðlilegt að gera í sambandi við þetta lagafrumvarp nokkra grein fyrir því sem unnið er að og fyrirhugað um tónlistarfræðslu.

Undirbúningur að endurskoðun tónmenntar á vegum menntamálaráðuneytisins hófst með starfi 6 manna nefndar, sem skipuð var haustið 1971. Í henni áttu sæti Egill R. Friðleifsson, Jón G. Ásgeirsson, Jón Hljóðver Áskelsson, Njáll Sigurðsson, Sigríður Pálmadóttir og Stefán Edelstein og var hann jafnframt formaður nefndarinnar. Sumarið 1972 skilaði nefndin álit (Endurskoðun námsefnis og kennslu í tónmennt í barna- og gagnfræðaskólum), sem gefið var út í ágúst sama ár og síðan sent ýmsum stofnunum, skólum og einstaklingum.

Í álitgerðinni er mörkuð stefna um breytingar á inntaki greinarinnar og settar fram tillögur um endurskoðun hennar ásamt ýtarlegri framkvæmdaáætlun þar að lútandi. Sérstakir kaflar eru um: tíma til kennslu í tónmennt, námsmarkmið, námsefni, tengsl tónmenntar við nám í öðrum greinum, kennslu- og námsaðferðir, vinnuáðstöðu og kennslutæki, próf og námsmat, samningu og prófun námsbóka og kennarahandbóka, og loks um kennaramenntun. Í viðauka er fjallað um tónmenntarkennslu á forskólastigi, tónmenntarkennslu í sérbekkjum og hljóðfærakennslu í grunnskóla.

Í áðurnefndri framkvæmdaáætlun var gefið yfirlit um fyrirhugaða endurskoðun tónmenntar og gerð grein fyrir einstökum liðum hennar allt fram til ársins 1980. Ráðgert var að hefja endurskoðun með útgáfu á nýju námsefni og tilraunakennslu þess í 1. og 7. bekk haustið 1972, en síðan skyldu hætast við einn til tveir aldursflokkar á hverju ári fram til 1977. Tilraunakennsla á námsefni hvers aldursflokks var fyrirhuguð í tvö ár, endurskoðun færi fram að hvoru námsári liðnu en síðan yrði það gefið út, kynnt á kennaranámskeiði og tekið til almennrar notkunar í skólum.

Þessari áætlun um endurskoðun greinarinnar hefur síðan verið fylgt að undanteknum tveimur breytingum. Í fyrsta lagi seinkaði allri áætluninni um eitt ár og í öðru lagi hefur verið ákveðið að tilraunakenna námsefni hvers aldursflokks í þrjú ár. Endurskoðun fer fram tvisvar á því tímabili, þ. e. í lok 1. og 3. árs.

Endurskoðun námsefnis og tilraunakennsla.

1. bekkur.

Undirbúningur hófst árið 1972 og ári síðar kom út 1. útgáfa af vinnubókarblöðum, sönglögum og leikjum, kennarahandbók með leiðbeiningum og hlustunarefni á segulbandsspólum. Þetta námsefni var kennt í 10 skólum veturinn 1973—74. 2. útgáfa aukin og endurskoðuð kom út haustið 1974. Kennarahandbókinni var skipt í tvö hefti, í fyrra heftinu eru sönglög og leikir en í því síðara eru námsmarkmið fyrir 1. og 2. bekk, kafli um kennsluaðferðir, ársyfirlit um skipulagningu kennslunnar og leiðbeiningar með tillögum um einstakar kennsluáætlanir. Auk þess var aukið við hlustunarefni og gefið út söngæfingahefti fyrir 1. og 2. bekk. Þetta námsefni er nú kennt í 25 skólum og verður að lokinni endurskoðun gefið út til almennrar notkunar haustið 1976.

2. bekkur.

Haustið 1974 kom út 1. útgáfa af vinnubókarblöðum, hlustunarefni á segulbandsspólum og kennarahandbók í tveimur heftum. Í fyrra heftinu eru sönglög og leikir en í því síðara er ársyfirlit um skipulagningu kennslunnar og leiðbeiningar með tillögum um einstakar kennsluáætlanir. Námsmarkmið, kafli um kennsluaðferðir, söngæfingahefti og hluti hlustunarefnis var gefinn út fyrir 1. og 2. bekk sameiginlega. Þetta námsefni er nú kennt í 10 skólum og verður gefið út endurskoðað haustið 1975.

3. bekkur.

Undirbúningur er hafinn að 1. útgáfu námsefnis sem kemur út haustið 1975.

7. og 8. bekkur.

Haustið 1973 kom út 1. útgáfa af lesbók í tveimur heftum og vinnubók ásamt hlustunarefni á segulbandsspólum. Þetta námsefni var kennt í 7. bekk í 4 skólum veturinn 1973—74 og síðan endurskoðað.

Í ljós kom, að með nokkrum breytingum var efnið hæfilegt fyrir tvo aldursflokka og er það nú kennt í 7. og 8. bekk í 3 skólum. Endurskoðun og ný útgáfa er fyrirhuguð 1975.

Tilraunakennsla.

Stefán Edelstein hefur fram til þessa skipulagt tilraunakennslu og haft umsjón með henni í samráði við starfshóp í námsefnisgerð. Nýtt eða endurskoðað námsefni hefur verið kynnt og afhent á fundi með tilraunakennurum í upphafi skólaárs. Um niðurstöður og árangur kennslunnar er síðan rætt á umræðufundum en auk þess skila tilraunakennarar skriflegum skýrslum til námefnissemjenda. Endurskoðun hvers áfanga byggist síðan að verulegu leyti á þeirri reynslu sem fengist hefur og gagnrýni sem fram kemur varðandi námsefnið og kennsluleiðbeiningar.

Samning og endurskoðun.

Unnið er að samningu og endurskoðun námsefnis handa 1., 2., 3., 7. og 8. bekk grunnskóla. Starfshópur þriggja aðila sér um samningu og endurskoðun námsefnis

fyrir barnafræðslustig. Í honum eiga sæti Guðfinna D. Ólafsdóttir, Herdís Oddsdóttir og Njáll Sigurðsson.

Jón Kristinn Cortes sér um endurskoðun á námsefni fyrir gagnfræðastig.

Námsmat.

Guðmundur Guðbrandsson hefur séð um námsmat, gerð prófa og úrvinnslu þeirra. Námsárangur nemenda og niðurstöður prófa eru síðan hafðar til hliðsjónar við endurskoðun næsta áfanga. Með auknu hlutverki námsmats í endurskoðuninni er ætlunin að meta fleiri þætti greinarinnar svo sem námsmarkmið, námsefni og kennsluaðferðir.

Námsstjórn.

Frá og með hausti 1974 hafa þrír aðilar samvinnu um námsstjórn og umsjón með endurskoðun tónmenntar, en þeir eru Njáll Sigurðsson, Guðmundur Guðbrandsson og Stefán Edelstein. Þeir sjá um gerð framkvæmda- og fjárhagsáætlana, undirbúa kennaranámskeið, hafa á hendi umsjón með tilraunakennslu og taka að sér önnur störf vegna skipulagningar og framkvæmda á endurskoðun greinarinnar.

Útgáfa námsefnis.

Nýtt og endurskoðað námsefni er gefið út af Ríkisútgáfu námsbóka í samvinnu við menntamálaráðuneytið. Við samningu og útgáfu hlustunarefnis hefur einnig verið höfð samvinna við Ríkisútvarpið einkum varðandi tæknivinnu og afnot af hljóðritunum.

Á meðan námsefni er enn á tilraunastigi er upplag þess fyrst og fremst miðað við fjölda tilraunabekkja hverju sinni, þ. e. um það bil 10 bekkir á 1. ári en 25 bekkir á 2. og 3. ári.

Kennaranámskeið.

Endurmenntun kennara og kynning námsefnis fer fram á námskeiðum að tilraunatímabili loknu, þegar endanlegt námsefni hvers aldursflokks hefur verið gefið út til almennrar notkunar. Slíkt námskeið fyrir tónmenntarkennara verður fyrst haldið haustið 1976.

Hins vegar er ráðgert að halda eins konar undirbúningsnámskeið haustið 1975 og er það einkum ætlað fyrir kennara sem ekki eru sérmenntaðir tónmenntarkennarar en starfa þó við kennslu í þessari grein víða á landinu. Hér er bæði átt við almenna kennara, söngstjóra, organista og aðra hljóðfæraleikara sem stunda tónmenntarkennslu í skyldunámsskólum.

Helstu nýjungar.

Endurskoðun tónmenntar er skammt á veg komin og allar breytingar bæði varðandi inntak og miðlun eru enn á tilraunastigi. Niðurstöður tónmenntarnefndar frá 1972 voru fyrstu stefnumarkandi tillögur um tilhögun og framkvæmd endurskoðunarinnar en síðan hefur stöðugt verið unnið að endurbótum á þeim í ljósi fenginnar reynslu. Að verulegu leyti er hér um algera frumvinnu að ræða og heildarmynd af greininni verður því ekki orðin skýr fyrr en líður að lokum endurskoðunartímabilsins. Á þetta einkum við um tengslin milli tónmenntarnáms á núverandi barnafræðslu- og gagnfræðastigi. Ljóst er einnig að við mörg byrjunarvandamál verður að etja, ekki sist skort á sérmenntuðum kennurum.

Að lokum verða hér nefndar nokkrar þær nýjungar sem mikilvægastar má telja.

1) Eftirfarandi tafla sýnir áætlaðan vikustundafjölda sem endurskoðunin miðast við:

Vikustundir	Bekkur									Alls
	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	
Skylda	2	2	2	2	2	1	1	–	–	12 st/v
Val	–	–	–	–	–	1	1	2	2	6 st/v
Annað	Kórstarfsemi									6 st/v

2) Nákvæmlega skilgreind námsmarkmið verða samin fyrir hvert aldursstig og gefin út í viðkomandi kennarahandbókum. Í markmiðunum er kveðið á um þá færni og kunnáttu nemenda sem krafist er við lok námsárs.

3) Námsmat verður aukinn þáttur í endurskoðun og mótun greinarinnar. Auk þess að mæla færni og kunnáttu nemenda með prófum er ráðgert að námsmat taki einnig til viðhorfakönnunar svo og mats á raunhæfni markmiða, námsefnis og kennsluaðferða.

4) Stefnt er að aukinni fjölbreytni í vali námsefnis og má þar m. a. telja þjóðlög innlend og erlend, sönglög íslenskra og erlendra tónskálda, hreyfingu og leiki, ýmiss konar hlustunarefni á segulböndum með dæmum úr tónverkum og hljóðheimi, vinnubækur og lesbækur fyrir nemendur o. fl.

5) Stefnt er að aukinni virkni nemenda þannig að þeir iðki tónlist fremur en að þeim séu kenndar staðreyndir um tónlist. Með fjölbreyttu vali námsefnis og kennsluaðferða ásamt nákvæmri skilgreiningu markmiða er vonast til að námið verði markvissara, lífrænna og áhugaverðara í augum nemenda.

Auk þess sem fyrirhugað er á grunnskólastigi varðandi tónlistarfræðslu, telur ráðuneytið að bæta þurfi skilyrði til tónlistarnáms yngri barna. Er nú t. d. unnið að því að Barnamúsikskólinn í Reykjavík fái betra húsnæði. Í þeim skóla eru nú (1975) 280 nemendur á aldrinum 6–13 ára. Í fjárlögum 1975 er fjárveiting (3 millj. kr.) til undirbúnings byggingu fyrir Barnamúsikskólann og Tónlistarskólann í Reykjavík.

Haustið 1973 veitti Ford Foundation í Bandaríkjunum um fjögurra milljón króna styrk til Barnamúsikskólans til þess að semja námsskrá, gera marklýsingar og velja námsefni fyrir undirbúningsstig tónlistarskóla. Unnið skyldi að þessu í samvinnu milli íslenskra og bandarískra námsefnissérfræðinga, og lögð á það áhersla að nýta mætti niðurstöður þessarar vinnu bæði í Bandaríkjunum og á Íslandi.

Haustið 1973 var strax hafist handa um þetta verk. Upphaflega voru 5 bandaríkjamenn í vinnuhópnum og 3 Íslendingar. Íslendingarnir voru Njáll Sigurðsson, Sigríður Pálmadóttir og Stefán Edelstein, en seinna kom Jón Hlöðver Áskelsson í hópinn í stað Sigríðar.

Á fundi í New York í september 1973 var mótuð stefna í sambandi við þessa vinnu. Íslendingarnir fóru síðan í 3ja vikna ferð til Bandaríkjanna í nóvember 1973 til að kynna sér vinnu við námsskrárgerð í tónlist. Í mánuðunum desember 1973 til maí 1974 voru fyrstu drög að marklýsingum samin. Í júní 1974 var sameiginlegur vinnufundur íslendinga og bandaríkjamanna haldinn hér heima. Á þeim fundi voru fyrstu drögin endurskoðuð. Íslendingarnir unnu síðan að öðrum áfanga verksins yfir sumarið og fram eftir hausti. Á vinnufundum í Bandaríkjunum í nóvember 1974 voru þessi drög rædd og endurskoðuð. Verið er nú að vinna að þriðju drögum sem væntanlega verða gagnrýnd aftur og breytt á vinnufundi með bandaríkjamönnum sem haldinn verður í júní 1975 að Laugalandi í Eyjafirði.

Það kom fljótlega í ljós, að útilokað væri að semja bindandi námsskrá í tónlist fyrir ákveðið skólastig (forstig tónlistarskóla) sem henta myndi bæði hér og í Bandaríkjunum. Um það voru allir aðilar sammála. Því var farin sú leið að reyna

að semja rammanámsskrá í tónlist sem hefur almennt gildi við hvaða aðstæður sem er. Áhersla er lögð á nákvæmar og ýtarlegar marklýsingar og síðan gefnar ábendingar um framkvæmd (þ. e. kennsluhætti). Hins vegar er ekki farið út í það að velja kennsluefni því að það myndi aftur binda kennarann.

Ætlunin er að ganga þannig frá þessari almennu rammanámsskrá í lokin, að hægt sé að taka hana og aðlaga hvaða skólakerfi og kennsluaðstæðum sem er, t. d. almennum grunnskóla, tónlistarskólum o. s. frv. Þessi aðlögunarvinna er fólgin í því að velja námsefni sem þjónar þeim markmiðum sem ákveðið er að leggja áherslu á á viðkomandi skólastigi eða við sérstakar kennsluaðstæður. Það er sveigjanleiki í námsskránni, hægt að laga hana að aðstæðum hverju sinni.

Vinna framundan.

Ford Foundation hefur aðeins heitið styrk til tveggja ára. Hins vegar liggur ljóst fyrir, að verkið er það umfangsmikið og þátttakendur geta aðeins unnið að því í hjáverkum og frium, að því verður ekki lokið fyrr en í fyrsta lagi haustið 1976 og jafnvel ekki fyrr en 1977 ef hafður er í huga frágangur til prentunar og útgáfu. Ef til vill veitir Ford Foundation viðbótarstyrk í 2 ár til að ljúka verkinu en ekkert er um það vitað. Þegar verkinu er lokið verður bókin gefin út í Bandaríkjunum. Myndi einnig þurfa að þýða bókina á íslensku og gefa út. Rammanámsskrá í tónlist hefur mikið gildi hér, sérstaklega þegar sameiginleg stefna yrði mörkuð í málum tónlistarskólanna.

Skólahljómsveitir er æskilegt að efla og fór menntamálaráðuneytið fram á 5 milljónir króna í því skyni við gerð fjárlaga fyrir árið 1975, því að slíkar hljómsveitir eru kostnaðarsamar. Eigi fékkst fjárveiting að þessu sinni.

Þess má geta, að í lögum nr. 12/1970, um menntaskóla, er gert ráð fyrir, að unnt sé að velja tónlist sem einn þátt í námi til stúdentsprófs. Er samstarf milli tónlistarskóla og menntaskóla um framkvæmd þessa ákvæðis og hefur ríkissjóður endurgreitt hluta af skólagjöldum menntaskólanema í tónlistarskólum, ef tónlistarnám þeirra er veigamikill liður í námsefni til stúdentsprófs.

Í fylgiskjali I hér á eftir er yfirlit um þá tónlistarskóla, sem starfandi eru í landinu og greiðslur til þeirra af fjárveitingu Alþingis, kennslustundafjölda og fjölda kennara við skólana.

Frv. þetta, ef að lögum verður, er talið hafa aukin útgjöld í för með sér, sem nemur 10—11 millj. króna fyrir ríkissjóð. Miðað er við að skólagjöld nemenda geti lækkað um 50%, en þau munu nú vera um 10—30 þús. kr. fyrir nemanda.

Greinargerð sú, sem fylgdi frumvarpinu, fer hér á eftir:

„Inngangur.

Frumvarp þetta er samið af nefnd, sem menntamálaráðuneytið skipaði 27. apríl 1973 til að endurskoða gildandi lög um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, nr. 12 frá 1963. Í nefndina voru skipaðir Kristinn Hallsson, fulltrúi í menntamálaráðuneytinu, sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar, Ólafur Vignir Albertsson, skólastjóri Tónlistarskóla Mosfellssveitar, tilnefndur af samtökum tónlistarskólastjóra, og Bjarni Einarsson, hæjarstjóri á Akureyri, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Forsaga.

Hinn 27. maí 1960 samþykkti Alþingi svofellda ályktun: „Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta undirbúa löggjöf um tónlistarfræðslu, þar sem m. a. séu sett skýr ákvæði um aðild ríkisins að þessari fræðslu, hlutdeild ríkisins í greiðslu kostnaðar við tónlistarskóla og hvaða skilyrði skólar þessir þurfi að uppfylla til að

njóta ríkisstyrks þessa.“ Þáverandi menntamálaráðherra, dr. Gylfi Þ. Gíslason, kvaddi skólastjóra tónlistarskólanna til fundar í Reykjavík dagana 1. og 2. október 1962. Voru þar rædd málefni skólanna almennt, þ. á m. fjárhagsgrundvöllur þeirra.

Í framhaldi af þingsályktuninni og fundinum skipaði menntamálaráðherra þriggja manna nefnd til þess að semja lagafrumvarp um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla. Í nefndinni áttu sæti Magnús Jónsson, alþm., Jón Nordal, skólastjóri Tónlistarskólans í Reykjavík, og Birgir Thorlacius, ráðuneytisstjóri. Nefndin samdi frumvarp til laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla og var það lagt sem stjórnarfrumvarp fyrir Alþingi á 83. löggjafarþingi 1962. Frumvarp þetta varð að lögum og eru þau nr. 12 frá 20. apríl 1963.

Löggjöf þessi var þá tvímælaust þýðingarmikið spor í rétta átt. Hefur reynslan sýnt, að hún hefur orðið til mikillar eflingar tónlistarstarfsemi um land allt.

Meginstefna laganna var, að tónlistarskólarnir væru áfram einkaskólar, en nyту stuðnings úr ríkissjóði og frá hlutaðeigandi sveitarfélögum.

Annmarkar gildandi laga.

Á aðalfundi samtaka tónlistarskólastjóra 1972 komu fram óskir um breytingar laga þessara, sem gerðu ráð fyrir eftirfarandi:

1. Lækkun skólagjalda.
2. Gera sveitarfélög virkari aðila að rekstri skólanna.
3. Reyna að losa skólana við ótryggan rekstur, sem skapaðist af verðbreytingum og hækkandi launakostnaði.
4. Styrkja stöðu kennara með því að skapa þeim möguleika á að njóta réttinda, svo sem í lífeyrissjóðum og fleira.

Hér skal í stuttu máli gerð grein fyrir ástæðum þessara óska.

Í annarri grein gildandi laga segir svo:

„Tónlistarskólar, sem fullnægja framangreindum skilyrðum, skulu fá allt að $\frac{1}{3}$ rekstrarkostnaðar síns greiddan úr ríkissjóði, en þó aldrei hærrí fjárhæð en nemur framlagi hlutaðeigandi sveitarfélags til skólans.“

Tónlistarnám er í eðli sínu dýrt þar eð mikill hluti þess fer fram í einkatímum. Samkvæmt framangreindu lagaákvæði hefur fjárveitingavald ríkisins sjálfðæmi hverju sinni um hve hár ríkisstyrkurinn verður, en hann hefur aldrei náð $\frac{1}{3}$ rekstrarkostnaðar tónlistarskólanna sem heildar. Mjög misjafnlega hefur og tekist að fá sveitarfélögin til að hækka fjárframlög sín.

Tónlistarskólum ber að senda rekstraráætlun inn hálfu ári áður en fjárlög eru samþykkt, og eru fjárveitingar við þær miðaðar. Þetta kemur ekki að sök þegar verðlag er stöðugt. En á tímum örra breytinga verðlags og launa, eins og verið hafa að undanförru, veldur þetta skólunum mikilli rekstraráhættu. Eru mjög mörg dæmi um, að í rekstraráætlunum tónlistarskóla hafi ekki verið gert nægilega vel ráð fyrir verðlagsbreytingum og að fram hafi komið rekstrarhalli, sem orðið hafi að jafna með hækkunum skólagjalda. Allt hefur þetta valdið því, að skólagjöld hafa hækkað, og hafa þau oft orðið mun meira en sá þriðji hluti námskostnaðar, sem upphaflega var gert ráð fyrir að þau yrðu. Er nú svo komið, að heildarkostnaður við tónlistarnám barns er orðinn allt að kr. 25 000.00, sem er efnaminni fjölskyldum ofviða, sérstaklega þegar um stórar fjölskyldur er að ræða.

Hinn ótryggi rekstur tónlistarskólanna bitnar einnig oft á kennurum skólanna, sem auk þess hafa ekki notið réttinda sem opinberir starfsmenn. Nánari tengsl skólanna við sveitarfélögin munu geta bætt verulega úr.

Framtíðarstefna.

Nefndarmenn eru sammála um að stefna beri að sem nánustum tengslum tónlistarfræðslunnar við skólakerfi landsins. Tónlistarnám getur eðli sínu samkvæmt skipst í grunnskólanám, framhaldsnám og háskólanám. Stefna ber að því að svo

verði og einnig að hinu, að allir landsmenn eigi kost á að njóta tónlistarfræðslu, án tillits til efnahags eða búsetu. Virðist eðlilegt markmið, að fyrsta stig tónlistarfræðslunnar tengist grunnskólunum og fari fram um land allt. Tónlistarfræðsla á framhaldsskólastigi færi fram í a. m. k. einum stað í hverjum landshluta, en háskólafræðsla á einum eða tveimur stöðum í landinu.

Þó nefndin sé sammála um, að þetta sé það markmið, sem stefna beri að, eru nefndarmenn sammála um, að eins og sakir standa sé ekki unnt að leggja fram tillögur í fullu samræmi við það markmið.

Ástæður þess eru í fyrsta lagi að nú stendur yfir umfangsmikil endurskoðun fræðslukerfis þjóðarinnar. Er eðlilegt að tónlistarkennslan verði löguð að hinu endurskoðaða kerfi þegar höfuðdrættir þess hafa verið lögfestir. En vegna þess, að breytingar á kerfi tónlistarfræðslunnar eru brýnar, sbr. það sem fram hefur komið hér að framan, telur nefndin nauðsynlegt að gera breytingar á gildandi lögum sem bæti úr verstu ágöllum laganna. Telur nefndin það vera hlutverk sitt að leggja fram slíkar tillögur. En nefndin telur, að í kjölfar setningar nýrra laga um skólakerfi og grunnskóla eigi að taka skipulag tónlistarfræðslunnar til gagngerðari endurskoðunar í samræmi við þau markmið, sem sett hafa verið fram hér að framan.

Bent skal á, að þegar er hafið samstarf nokkurra menntaskóla og tónlistarskóla. Geta nemendur menntaskólanna sótt nám í tónlist sem valgrein eða kjörsvið. Ber að fagna þessu og telja það vera spor í átt að framangreindu markmiði.

Um frumvarpið.

Frumvarp þetta ber því að skoða sem bráðabirgðabreytingar á gildandi lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla og sem áfanga að því markmiði að fella tónlistarnámið að hinu almenna fræðslukerfi. Þetta frumvarp miðar fyrst og fremst að því að tryggja grundvöll tónlistarfræðslunnar í landinu í svipuðu forni og hún er nú og koma í veg fyrir, að tónlistarfræðsla verði hluti forréttinda hinna efnameiri borgara. Frumvarpið felur það í sér, að laun kennara verða í reynd greidd af ríki og sveitarfélögum. Verður gerð fjárhagsáætlana skólanna þá mun einfaldari og rekstur þeirra traustari og áhættuminni.

Sá kostnaður, sem skólagjöldum er ætlað að bera lækkar til muna. Árið 1973 voru launagreiðslur 81% heildarkostnaðar tónlistarskólanna og 1974 eru þær áætlaðar 82% heildarkostnaðarins, sem hefur verið áætlaður 68 250 þúsund kr. Bendir flest til þess að þetta hlufall fari hækkandi, og að ef ekkert verður gert til að snúa þróuninni við geti stór hluti íslenskra foreldra af kostnaðarástæðum ekki veitt börnum sínum aðgang að tónlistarnámi, sem brýtur algjörlega í bága við grundvallarstefnu hins íslenska menntakerfis.

Frumvarp þetta tryggir að þróun þessari verði snúið við og að skólagjöld lækki u. þ. b. um helming frá því sem nú er.

Nefndin telur, í stuttu máli sagt, að frumvarp þetta komi fyllilega til móts við óskir skólastjóra tónlistarskólans frá 1972, sem getið var hér að framan. Auk þess að tryggja rekstur skólanna og lækkun skólagjalda gerir frumvarpið ráð fyrir virkari þátttöku sveitarfélaganna í rekstri skólanna, og þar sem reiknað er með að sveitarfélögin ráði kennara skólanna, ættu þeir þar með að njóta sömu réttinda og aðrir opinberir starfsmenn. Breytingar verðlags hafa þá einnig mun minni áhrif á rekstur skólanna, sem fyrir bragðið verður mun einfaldari og áhættuminni.

Í stuttu máli hafa þær lagabreytingar, sem frumvarp þetta felur í sér, eftirfarandi í för með sér:

1. að skólagjöld lækka um ca. helming,
2. að sveitarfélögin eru orðin virkari þátttakandi í rekstri skólanna,
3. að skólarnir losna undan áhrifum verðbreytinga hækkandi launakostnaðar,
4. að þar sem kennarar við tónlistarskólana verða ráðnir af sveitarfélaginu ætti að vera auðvelt að veita þeim sömu réttindi og öðrum kennurum, þ. e. aðild að lífeyrissjóðum o. s. frv.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

1. töluliður skal vera: „Hefur að minnsta kosti einn fastan kennara auk stunda-kennara.“ Þar sem töluliður 4 nefnir að minnsta kosti 30 nemendur, telur nefndin ónauðsynlegt að skylda skóla til að hafa fleiri kennara en þarf til að kenna 30 nemendum.

3. töluliður skal vera: „Veitir hverjum nemanda kennslu í aðalnámsgrein eina stund í viku. Auk þess séu að minnsta kosti tvær aukanámsgreinar kenndar í hóp-tímum (tónfræði, tónheyrn, tónlistarsaga og samleikur).“ Fellt hefur þá verið í burtu „einum í einu“. Er það gert vegna þess, að byrjunarkennsla hefur á síðari árum þróast í þá átt að vera kennd í hóptímum og þykir þá ekki rétt að binda skólana við einstaklingskennslu. Þá er einnig breytt orðinu „hljóðfæraleik“, enda eru margir skólarnir farnir að kenna t. d. söng, og aðalnámsgrein gæti verið t. d. tónsmíðar, auk hljóðfæraleiks, svo að ástæðulaust þykir að binda skólana hvað þetta varðar.

Um 2. gr.

Í stað ákvæðis um, að ríkissjóður greiði allt að $\frac{1}{3}$ rekstrarkostnaðar tónlistar-skólanna koma ákvæði, sem skylda sveitarfélögin til að greiða laun kennara, en ríkinu jafnframt gert skylt að endurgreiða hluta þess kostnaðar. Greinin felur það í sér, að tónlistarkennarar verða starfsmenn sveitarfélaganna.

Um 3. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Tillögur til fjárlaga þurfa að berast menntamálaráðuneytinu fyrir 1. júní ár hvert. Hér er gert ráð fyrir að sveitarstjórnir hafi einn mánuð til að athuga áætlanirnar áður en þær eru sendar ráðuneytinu.

Um 5. gr.

Breytingarnar eru í samræmi við breytingarnar á 2. grein og 4. grein.

Um 6. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Dagsetning 15. júní breytist í 1. júní til samræmis við 4. grein.

Um 8. og 9. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 10. gr.

Greinin er ný, en ástæða þykir til að hafa ákvæði hennar í lögum.

Um 11. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

TÓNLISTARSKÓLAR

	Kennslust. fjöldi	Fastir kennarar	Stunda- kennarar	Áætl. í júni '73 v/starfs- ársins '74	Par af húsaleiga ljós + hiti	Fjárveiting 1974, kr. 22 millj. Greiðslur	Tillaga mennta- málaráðuneytis við gerð fjárlaga 1975	Fjárveiting 1975 38 740 000,00 sem ráðuneytið hefur skipt þannig milli skóla
					þús. kr.	þús. kr.	þús. kr.	
1. Tónlistarskóli Akrauness	102	3	3	1 200 000	330 000	1 050 000	1 700	1 530
2. — Akureyrar	226	7	5	2 700 000	750 000	2 400 000	3 260	2 940
3. — Arnessyslu	113	3	7	1 095 000	210 000	1 100 000	1 800	1 620
4. — Bolungarvíkur	43	1 1/2	0	450 000	100 000	450 000	750	675
5. — Borgarfjarðar	40	1	2	350 000	150 000	500 000	570	685
6. — Dalvíkur	42	1	1	450 000	120 000	400 000	570	515
7. — Egilsstaða	59	1	3	536 000	170 000	500 000	980	880
8. — Faskriðsfjarðar	20	1	0	250 000	114 000	250 000	400	360
9. — Garðahrepps	223	3	6	1 500 000	200 000	1 500 000	2 530	2 280
10. — Hafnarhrepps	32	1	1	300 000	125 000	300 000	520	585
11. — Hafnarfjarðar	175	3	4	1 250 000	300 000	1 300 000	2 350	2 115
12. — Húsavíkur	88	2	3	850 000	200 000	850 000	1 970	1 775
13. — Ísafjarðar	152	3	5	1 600 000	360 000	1 350 000	2 010	1 810
14. — Keflavíkur	150	2 1/2	6	1 200 000	250 000	1 200 000	1 900	1 710
15. — Kópavogs	242	2	14	2 375 000	1 090 000	2 050 000	3 250	2 925
16. — Mosfellshrepps	70	1	5	550 000	155 000	550 000	850	765
17. — Neskaupstaðar	46	2	0	400 000	90 000	400 000	750	675
18. — Ólafsfjarðar	44	1	0	480 000	92 000	400 000	620	560
19. — Skagafjarðar	52	2	1	500 000	100 000	500 000	750	675
20. — Siglufjarðar	43	2	1	380 000	200 000	500 000	540	540
21. — Stykkishólms	60	1	1	436 000	130 000	440 000	600	630
22. — V.-Húnavatns	25	1	0	240 300	100 000	250 000	420	470
23. — A.-Húnavatns	62	1	2	336 000	120 000	300 000	760	680
24. — V.-Barðastr.s.	50	1	3	340 000	146 000	340 000	620	560
25. — Vestmannaeyja						0	850	765
26. Tónskóli Sigursveins D. Kristinss.	271	4	19	2 771 000	800 000	2 350 000	3 870	3 485
27. Tónlistarskóli Grundavíkur	25	1	0	350 000	300 000	350 000	550	500
28. Söngskólinn í Reykjavík	115	1	7	1 100 000	600 000	1 100 000	2 800	2 520
29. Tónlistarskóli Rangæinga							420	0
30. — Seyðisfj.	2 570	53	98	23 989 300	7 302 000	22 180 000		
31. — Seltjarnarness							600	540
32. — Eskifjarðar							700	720
33. — Neshr. Hellissandi							750	675
34. — Grundarfjarðar							400	360
35. — Ólafsvíkur							540	540
36. — Vopnafjarðar							270	270
							40 870	38 695

Fylgiskjal II.

Áætlaðar launagreiðslur tónlistarskóla á árinu 1975.

Eftirgreindar tölur eru frá skólunum sjálfum og miðaðar við launagreiðslur eins og þær voru í lok ársins 1974.

	Tónlistarskólar	Þús. kr.
1.	Akranesi	3 472
2.	Akureyri	7 780
3.	Árnessýslu	4 200
4.	Bolungarvík	1 520
5.	Borgarfirði	2 335
6.	Dalvík	1 053
7.	Egilsstöðum	3 400
8.	Fáskrúðsfirði	800
9.	Garðahreppi	6 600
10.	Grindavík	940
11.	Hafnarhreppi	1 050
12.	Hafnarfirði	3 086
13.	Húsavík	5 180
14.	Ísafirði	4 500
15.	Keflavík	5 066
16.	Kópavogi	9 235
17.	Mosfellshreppi	2 186
18.	Neskaupstað	1 960
19.	Ólafsfirði	2 550
20.	Rangárvallasýslu	
21.	Seyðisfirði	659
22.	Skagafirði	1 100
23.	Siglufirði	1 429
24.	Stykkishólmi	1 050
25.	V.-Húnavatnssýslu	1 170
26.	A.-Húnavatnssýslu	1 800
27.	V.-Barðastrandarsýslu	900
28.	Vestmannaeyjum	2 200
29.	Söngskólinn í Reykjavík	6 500
30.	Tónskóli Sigursveins D. Kristinssonar	8 200
31.	Tónlistarskólinn á Seltjarnarnesi	2 484
32.	Vopnafirði	975
33.	Eskifirði og Reyðarfirði	2 000
34.	Hellissandi	900
35.	Ólafsvík	1 950
36.	Grundarfirði	750
		100 980
37.	Tónlistarskólinn í Reykjavík	12 047
38.	Barnamúsikskólinn í Reykjavík	7 850
	Samtals kr.	120 877